

# Velkomin á Læknadaga 2021

Ávarp formanns Læknafélags Íslands og Fræðslustofnunar lækna.

Ágætu ráðstefnugestir.

Saga Læknadaga spannar hjartnær aldarfjórðung. Rekja má sögu Læknadaga aftur til ársins 1995. Þá hóf Námskeiðs- og fræðslunefnd LÍ, LR og framhaldsmenntunarráðs læknadeildar Háskóla Íslands að standa fyrir vikulöngum undirbúningsnámskeiðum í janúarmánuði til undirbúnings samræmda bandaríska prófsins fyrir deildarlækna sem voru að fara í sérnám. Í undirbúningsnefnd námskeiðanna voru lækarnir Stefán B. Matthíasson, Sigurður Guðmundsson og Margrét Oddsdóttir. Janúarnámskeiðin fengu ekkert ákveðið nafn fyrr en árið 2000 að farið var að kalla þau Læknadaga.<sup>i</sup> Læknadagar hafa þróast og þroskast og eru nú í umsjá Fræðslustofnunar lækna sem komð var á fót á aðalfundi LÍ 1997. Allt frá upphafi hefur Margrét Aðalsteinsdóttir haldið utan um skipulag Læknadaga og verið burðarstólpi undirbúnings þeirra. Nú kallar samtíminn á breytt skipulag og framkvæmd Læknadaga.

Á þessum tímamótum er vel við hæfi að í ár minnumst við Margrétar Oddsdóttur skurðlæknis sem féll frá langt fyrir aldur fram en hafði markað djúp spor í sögu fræðslustarfsemi Læknafélaganna og læknadeildar HÍ. Kollegar hennar og samferðafólk hér heima og við Yale læknaskólann minnst hennar á málþingi á miðvikudagin 20. janúar. Margrét ruddi brautina á margan hátt fyrir konur í læknastétt og verður minnst fyrir dugnað og eldmóð, sem afburða skurðlæknis og framlags til fræðslu- og menntunarmála lækna hér heima og erlendis.

Í ár er stígið nýtt skref í sögu Læknadaga og fræðslu- og símenntunarmálum lækna. Við búum við samkomutakmarkanir og er Læknadögum nú í fyrsta sinn streymt á öldum ljósvakans til lækna og samstarfsfólks. Við höfum ekki látið deigan síga og stígum ölduna. Dagskráin varir í 5 daga frá morgni til kvölds, spannar um 30 málþing og 15 hádegisfundum með framlagi um 130 lækna og annarra fræðimanna. Læknadagar hafa ekki síður haft mikla félagslega þýðingu fyrir lækna í gegnum tíðina og þar hafa læknar náð að rækta vináttu sín á milli, rifjað upp liðnar stundir og kynnst nýjum félögum í læknastétt. Læknadögum hefur lokið með vel sótttri árshátíð. Í ár fellur hún niður en Læknadagar verða ekki síður gleðidagar en fræðadagar. Góðir félagar okkar undir leiðsögn Michaels V. Clausen læknis hafa undirbúið listviðburði og skemmtiefni sem send verða út samhliða fræðadagskránni.

Um leið og ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plógin við að gera Læknadaga að raunveruleika í ár, stjórn Fræðslustofnunar, fræðimönnum og gleðigjöfum, skipuleggjendum og tæknifólki og starfsfólki LÍ óska félögum mínum í Læknafélagi Íslands og öðrum gestum til hamingju með Læknadaga 2021 og vona að þeir njóti hátíðarinnar.

Njótið heil og sæl.

Reynir Arngrímsson, formaður

---

<sup>i</sup> Stefán B. Matthíasson. 100. árgangur Læknablaðsins: Tilurð Læknadaga. Læknablaðið 2014; 100, 34-37.